

7. gr.

Búfjareftirlitsmaður sveitarfélagsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjareigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

8. gr.

Bæjarstjórn skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýlið í sveitarfélaginu og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað nr. 405 12. nóvember 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds, að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Samkomulag við félag hestamanna frá 18. maí 1990 um leigu útihúsa, slægjulanda og annars lands jarðanna Eskifjarðar, Byggðarholts og Borga, svo og önnur ákvæði þess samkomulags skulu þó gilda til 1. júlí 2010. Bæjarstjórn er þó heimilt að endurskoða gildistíma samkomulagsins með tilliti til breytinga á svæðinu.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Grundarstíg til suðurs, á milli Spítalastígs og Bjargarstígs. Auglýsing þessi tekur gildi 15. september 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. ágúst 1992.

Böðvar Bragason.